

## Athugasemdir

Til: Nefndarmanna efnahags- og viðskiptanefndar

Frá: Félagi atvinnurekenda

Dags.: 8. maí 2014

Efni: **Mál nr. 156. Keimlíkindaákvæði – breytingartillaga nefndarinnar**

Félag atvinnurekenda (FA) hefur sérstaklega látið til sín taka í tengslum við heimildir til auglýsingar og sölu á áfengi. FA hefur talið mikilvægt að stuðlað sé að hóflegri neyslu áfengis en enn fremur að gætt sé hófs í þeim aðgerðum stjórnvalda til að ná því markmiði. Í umsögn FA, dags. 2. desember 2013, gerði FA grein fyrir athugasemdum sínum við fyrirliggjandi frumvarp til breytinga á lögum nr. 86/2011, um verslun með áfengis og tóbak, mál nr. 156. Það var m.a. gerð athugasemd við ákvæði frumvarpsins um keimlíkindi, sem væri of víðtækt og óskýrt og gæti því ekki, í óbreyttri mynd, takmarkað tjáningar- og atvinnufrelsi þeirra sem eiga viðskipti með þær vörur sem um ræðir. Að öðru leyti er vísað til efnis umsagnarinnar.

**FA leggur, sem fyrr, til að umrætt ákvæði verði alfarið fellt út. Það er engan veginn eðlilegt, t.d. með fyrirheit stjórnvalda um einföldun regluverks í huga, að eftirlit með merkingum eigi að vera á höndum þriggja aðila.**

Í ljósi þeirrar breytingartillögu sem nú liggur fyrir frá efnahags- og viðskiptanefnd telur FA mikilvægt að koma að frekari sjónarmiðum sínum. Verða þau sjónarmið rakin hér að neðan.

### I. Eftirlit með merkingum á hendi þriggja aðila

#### Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga

Heilbrigðisnefnd, undir yfirumsjón Matvælastofnunar, hefur opinbert eftirlit með bæði framleiðslu og dreifingu matvæla, sbr. 22. gr. laga nr. 93/1995 um matvælalög (hér eftir matvælalög). Undir þá eftirlitsskyldu hvílir skylda til að fylgjast með merkingum og umbúðum matvæla og undir lögin fellur m.a. áfengi, sbr. 3. mgr. 2. gr. laganna. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 503/2005 um merkingu matvæla er kveðið á um að merking megi ekki vera blekkjandi fyrir kaupanda eða móttakanda, einkum að því er varðar m.a. sérkenni matvælanna, eðli þeirra, auðkenni, eiginleika og tegund. Sérstaklega er tekið fram í 4. mgr. ákvæðisins að ef „áfengi á sér óáfenga hliðstæðu eða er í keimlíkum umbúðum og óáfeng vara skulu umbúðir áfengisins, texti eða myndmál vera þannig að áfengið verði ekki auðveldlega tekið í misgripum fyrir hina óáfengu vöru.“ Er þarna sérstaklega gert ráð fyrir því að heilbrigðisnefndir hafi eftirlit með því hvort verið sé að blekkja neytendur með umbúðum og merkingu matvæla, og þá sérstaklega áréttuð sú regla í tengslum við áfengi. Virðist markmiðið með þessu ákvæði vera það sama og með umdeildu ákvæði um lögum um verslun með áfengi og tóbak, þ.e. „stemma stigu við því að raunveruleg hætta skapist á því að fólk geri ekki greinarmun á áfengum vörum og óáfengum og að áfengrar vöru verði neytt án ásetnings eða hún að öðru leyti tekin í misgripum fyrir óáfenga vöru“, sbr. ummæli úr framangreindu nefndaráliti.

*Hafa því heilbrigðisnefndir, hvers sveitarfélags, eftirlit með því hvort áfengar vörur, í dreifingu, séu í keimlikum umbúðum og óáfengar vörur. Heilbrigðisnefndir hafa nokkuð viðtækar heimildir í lögum um matvæli til að bregðast við slíkum tilfellum, t.d. með því að stöðva dreifingu og markaðssetningu á viðkomandi vörum og leggja hald á þær, sbr. 3. mgr. 30. gr. matvælalaganna. Enn fremur hafa heilbrigðisnefndir heimildir til að leggja á dagsektir sem og stjórnvaldssektir.*

#### *Neytendastofa*

Heilbrigðisnefndir eru þó ekki þær einu, í gildandi regluverki, sem falið er að hafa eftirlit með umbúðum og markaðssetningu áfengis. Neytendastofu er falið viðtækt hlutverk til íhlutunar sé markaðssetning fyrirtækja á vörum og þjónustu til þess fallin að blekka neytendur, í lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu (hér eftir lög um viðskiptahætti). Í 8. gr. laganna er lagt bann við því að viðhafa óréttmæta viðskiptahætti ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Eftirlit Neytendastofu skv. lögununum tekur m.a. til þess að skoða merkingar og umbúðir matvæla, þar á meðal áfengis. Líkt og Heilbrigðisnefndirnar, þá hefur Neytendastofa viðtækar heimildir til íhlutunar þegar í ljós er komið að umbúðir vara brjóta í bága við lög um viðskiptahætti. Neytendastofa getur til að mynda lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki, sbr. 22. gr. laganna, sem og sett reglur til að koma í veg fyrir villandi upplýsingar, sbr. 21. gr. b. *Hefur því Neytendastofa eftirlit með því hvort umbúðir áfengra vara séu til þess fallnar að villa um fyrir neytendum og hafa áhrif á fjárhagslega hegðun þeirra.*

Með hliðsjón af framangreindu er ljóst að tveimur stjórnsýsluaðilum, Neytendastofu og heilbrigðisnefndum sveitarfélaganna, hefur verið falið að hafa eftirlit með umbúðum áfengra vara. Báðir aðilar hafa umtalsverðar íhlutunarheimildir. Til standur með umræddu frumvarpi að bæta við enn einum eftirlitsaðilanum, ÁTVR. Væru þá þrjú stjórnvöld að hafa eftirlit með sömu vörunni, að skoða sama atriðið. Slíkt fyrirkomulag skapar óhagræði við starfsrækslu eftirlitsins og sóun í ríkisrekstri.

#### *II. Á keimlíkindareglan bara við innan ÁTVR?*

Með því frumvarpi sem nú liggur fyrir er ÁTVR veitt opin heimild til að hafna sölu á áfengi ef tilteknar aðstæður eru fyrir hendi, þ.e. ef umbúðir þess líkist svo annarri vörum sem er boðin til sölu eða auglýst á almennum markaði. Enn fremur þurfa umbúðirnar að vera með þeim hætti að neytendur geti ekki auðveldlega greint þar á milli. Þessi heimild til íhlutunar takmarkast, eðli máls samkvæmt, aðeins við sölu á áfengum vörum innan verslana ÁTVR. Lítill áhersla hefur verið lögð á vörur sem seldar eru utan ÁTVR, þrátt fyrir að síkar vörur valdi mögulega umræddri ruglingshættu.

Ljóst er hins vegar að heilbrigðisnefndir sem og Neytendastofa, sbr. framangreint umfjöllun, hafa eftirlit með þeim vörum sem koma á íslenskan markað. Þar á meðal þeim vörum sem seldar eru innan ÁTVR, og utan. Það virðist hinsvegar, skv. frumvarpi þessu, engin viðleitni vera gerð til að sporna við umræddri ruglingshættu utan veggja ÁTVR, t.d. inni á skemmtistöðum, á kaffihúsum með vínveitingaleyfi eða í Fríhöfninni. Ætti slík ruglingshætta að vera hvað minnst innan veggja ÁTVR enda koma þar almennt einstaklingar í leit að áfengri vörum og því ólíklegt að slík vara, væri þar tekin í misgripum fyrir óáfenga. Rétt er að hafa í huga að eftirlitsskylda heilbrigðisnefnda og Neytendastofu á við um þessi tilvik jafnt sem önnur.

### III. Áskilnaður

FA telur mikilvægt að eftirlit með umbúðum áfengra vara sé skilvirk og einfalt. Enn fremur telur FA að löggjafinn eigi að treysta núverandi stjórnvöldum til að fara með það lögbundna eftirlitshlutverk sem þeim er falið og hverfa frá þeirri framkvæmd að hafa þrjá aðila að sinna sama eftirlitinu.

FA óskar eftir því að kallaðir séu á fund efnahags- og viðskiptanefndar fulltrúar Matvælastofnunar, sem hefur yfirumsjón með heilbrigðisnefndum sveitarfélaganna, og Neytendastofu þar sem rætt verður m.a. eftirlit þeirra með umbúðum og merkingum áfengra vara. FA óskar enn fremur eftir því að fá fund með nefndarmönnum efnahags- og viðskiptanefndar til að skýra framangreinda afstöðu sína nánar.

Virðingarfyllst,

  
Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri